

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017, landnotkunarskilgreining Borgarnes/Hvanneyri.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í nýrri afmörkun þéttbýlisins á Hvanneyri þannig að landnotkunarskilgreiningin Borgarnes/Hvanneyri nær yfir stærra svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 25. janúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.